

Félagsheimilið á Blönduósi

FUNDUR – 4. desember 2003

Stjórnarfundur haldinn 4. desember 2003 í Félagsheimilinu klukkan 20:00. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Ráðning húsvorðar.
2. Önnur mál.

Afgreiðsla:

1. Jóhanna setti fund, Stefán og Matthías boðuðu forföll. Jóhanna las upp drög að ráðningarsamningi Margrétar. Húsvörður, Margrét, kom á fund. Hún fór yfir samninginn og formanni falið að undirrita hann fyrir hönd stjórnar.
2. Margrét skýrði frá því að ofnarnir á sviðinu væru ónýtir og hefðu lekið í nokkurn tíma. Búningsaðstaða leikfélagsins er illa farin vegna rakaskemmda, rafmagn er farið af hluta kjallarans. – Stjórn skoðaði skemmdirnar og athuga þarf með tryggingar, einnig þarf að hefja viðgerðir sem fyrst.

Fleira ekki rætt, fundargerð lesin og samþykkt.
Fundi slitið 21:30

Jóhanna G. Jónasdóttir
Valdimar Guðmannsson
Auðunn Sigurðsson
Margrét Sigurðardóttir

Kristín Guðjónsdóttir